



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

FORSETAFRÚ TIL NEW YORK

Eliza Reid forsetafrú heldur til New York í dag, sunnudaginn 10. mars, þar sem hún mun tala á nokkrum viðburðum tengdum Kvennanefndarfundum Sameinuðu þjóðanna (CSW) sem þar fer fram í vikunni.

Á mánudag stendur Reykjavík Global og Stofnun Sameinuðu þjóðanna (UN Foundation) fyrir morgunverðarfundum í Scandinavia House þar sem boðið er til óformlegs samtals með kvenleiðtogum sem sækja CSW. Þar mun forsetafrú sitja fyrir svörum og ræða um jafnréttismál frá sjónarhóli Íslands. Spyrill verður Adrienne Smith, framkvæmdastjóri inngildingar hjá fyrirtækinu WPP.

Síðdegis á mánudag tekur forsetafrú þátt í pallborðsumræðum um jafnréttismál í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna, sem jafnréttismálaráðuneyti Kenýa stendur fyrir í samvinnu við stofnunina Equality Now.

Á þriðjudag efnir fastanefnd Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum til morgunverðarfundar í samstarfi við Reykjavík Global sem ber titilinn „Reykjavík Conversations: Breakfast with Eliza Reid. Forsetafrú verður þar heiðursgestur og ræðir við tólf kvenleiðtoga um þau lykilskref sem stigin hafa verið í átt til aukins jafnréttis á Íslandi. Forsetafrú flýgur frá New York á þriðjudagskvöld.

10. mars 2024

Nánari upplýsingar veitir skrifstofa forseta Íslands (s. 540 4400).